

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
B.t. nefndarritara  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2024

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun (nýir sjóðir og fjölgun úthlutunarmánaða). Mál nr. 937 á 154. löggjafarþingi.**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Ráðið vill koma á eftirfarandi á framfæri:

- Opinber útgjöld til menningarmála eru þegar þau hæstu í Evrópu.
- Frumvarpið gengur gegn markmiði stjórnvalda um lækkun verðbólgu með því að auka hallarekstur ríkissjóðs.
- Í frumvarpinu er kveðið á um fjölgun opinberra sjóða um þrjá. Ríkið ætti frekar að fækka sjóðum og draga þannig úr umsýslukostnaði.
- Forgangsraða ætti fjármunum innan málaflokksins í stað þess að ráðast í ófjármagnaða útgjaldaaukningu.


Nái frumvarpið fram að ganga munu útgjöld ríkissjóðs til launasjóða listamanna aukast um 70% í skrefum til ársins 2028, úr 977 milljónum í 1.677 milljónir á ári. Í ljósi þess efnahagsástands sem ríkir nú, þ.e. hárrar verðbólgu og hallarekstrar ríkissjóðs, ættu stjórnvöld frekar að forgangsraða núverandi framlögum til málaflokksins. Síðarnefnda leiðin gæfi til kynna að stjórnvöldum væri alvara með því markmiði að ná niður verðbólgu og þar með vöxtum.

**Útgjöld til menningarmála þau hæstu í Evrópu**

Þegar horft er til útgjalda til menningarmála í samanburði við önnur Evrópulönd kemur í ljós að þau eru hvergi hærri en á Íslandi (mynd 1). Horft til annarra Norðurlanda þá eru útgjöld Íslands tæplega tvöfalt hærri en í Danmörku og Noregi og rúmlega tvöfalt hærri en í Finnlandi og Svíþjóð. Hérlandis ætti því að vera svigrúm til forgangsröðunar þegar kemur að útgjöldum til menningarmála, sé vilji stjórnvalda að auka við úthlutanir úr launasjóðum listamanna.

## Mynd 1: Ísland ver hærra hlutfalli opinberra útgjalda til menningarmála en aðrar Evrópuþjóðir

Útgjöld hins opinbera til menningarmála  
% heildarútgjalda (2022)



Heimild: Eurostat

### Umsýslukostnaður sjóða eykst enn frekar

Í frumvarpinu er kveðið á um að þrír nýir sjóðir verði settir á fót undir hatti starfslauna listamanna. Yfir einn þessara sjóða, launasjóð kvikmyndahöfunda, verður skipuð þriggja manna nefnd sem úthlutar úr sjóðnum. Starfandi úthlutunarnefndir munu síðan tilnefna listamenn sem koma til greina fyrir úthlutanir úr hinum sjóðunum, sem stjórn listamannalauna tekur síðan afstöðu til.

Viðskiptaráð leggst gegn því að sjóðum á vegum ríkisins sé fjölgað með þessum hætti. Þegar eru starfandi um 80 samkeppnissjóðir á vegum ríkisins. Þar af er um helmingur á snærum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og stofnana þess. Sjóðirnir eru margir og litlir, sem veldur því að umsýslukostnaður þeirra er hár miðað við úthlutunarupphæðir. Ráðið hefur lagt fram 28 tillögur til hagræðingar í sjóðaumhverfi ríkisins sem lækka myndu útgjöld ríkissjóðs um 2,5 milljarða á ári.<sup>1</sup>

Í fjármálaáætlun 2025-2029 er lögð áhersla á að ná megi fram miklum ávinningi með breytingum á sjóðaumhverfinu, m.a. með því að lækka umsýslukostnað með fækka stjórnnum. Þetta frumvarp gengur í berhöggi við þessi markmið þar sem fjölgunin flækir sjóðaumhverfi ríkisins og eykur umsýslukostnað.


1 Sjá ítarlegri umfjöllun ráðsins á eftirfarandi slóð: <https://vi.is/skidanir/sjodagreining-2024>

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til ofangreindra athugasemda.**

Virðingarfyllt



Björn Brynjúlfur Björnsson  
Framkvæmdastjóri



Gunnar Úlfarsson  
Hagfræðingur